



## LÖGREGLUSTJÓRINN Á AUSTURLANDI

Fjarðarbyggð  
b.t. Jónu Árnýju Þórðardóttur bæjarstjóra  
Hafnargötu 2  
730 Reyðarfjörður

Eskifjörður 20. júní 2023.

Efni: Ágangur búfjár í landi Óseyrar á Stöðvarfirði.

Embætti lögreglustjórans á Austurlandi hefur borist erindi frá Ívari Ingimarssyni og Hrefnu Arnarsdóttur sem að fara er fram á að embættið hlutist til um að smala ágangsfé á jörðinni Óseyri á Stöðvarfirði þar sem þau telja að sveitarfélagið Fjarðarbyggð hafi ekki sinnt skyldu sem það hefur skv. 33. gr. laga nr. 6/1986. Greinin er eftirfarandi:

■ 33. gr.

Nú verður ágangur búfjár úr einu heimalandi í annað, og getur þá sá, er fyrir verður, kært til hreppstjóra. Stafi ágangurinn af búfé, sem vanrækt hefur verið að reka á fjall eftir fyrirmælum fjallskilasamþykktar, ber hreppsnefnd að sjá um, að eigendur reki fénaðinn til afréttar. Vanræki þeir það, lætur hún reka á þeirra kostnað. Stafi ágangur hins vegar af búfé, sem heimilt er að hafa í heimahögum, ber sveitarstjórn að láta smala ágangsfénaði og reka þangað, sem hann á að vera, á kostnað eiganda, nema annað sé ákveðið í fjallskilasamþykkt.

[Sinni sveitarstjórn ekki skyldum sínum skv. 1. mgr. að mati lögreglustjóra skal hann láta smala ágangsfénaði á kostnað eiganda.] <sup>1)</sup>

Samkvæmt ofangreindu er það hlutverk Fjarðarbyggðar að sinna smölun ágangsfjár í umdæmi sínu og ekki reynir á hlutverk lögreglustjóra nema að það hafi ekki sinnt skyldum sínum skv. 1. mgr. 33. gr. laga nr. 6/1986 um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. Til að lögreglustjóri geti metið það óskar hann svars við eftirfarandi spurningum, en brýnt er að málið sé nægilega upplýst áður en að lögreglustjóri ákveður hvað rétt er að gera í málinu.

1. Hefur erindi borist vegna ágangsbúfjár á jörðinni Óseyri á Stöðvarfirði, hvenær gerðist það og hefur Fjarðarbyggð brugðist við því?
2. Er vitað hvaðan búfénaðurinn kemur og hver sé eigandi þess?
3. Er vitað hvort búfénaðurinn kemur af afrétti eða heimalandi?
4. Eru landamerki jarðarinnar afdráttarlaus?
5. Eru til staðbundnar samþykktir um smölun?
6. Er landssvæðið girt?
7. Annað sem brýnt er að embættið fái upplýsingar um.

Farið er fram á að svar berist eins fljótt og unnt er.

Virðingarfyllt

  
Lögreglustjórinn á Austurlandi 